



## Losun gróðurhúsalofttegunda fer minnkandi – eða hvað?

Í lok febrúar 2021 sendu íslensk stjórnvöld frá sér uppfærð markmið fyrir Ísland í loftslagsmálum til Sameinuðu þjóðanna. Nýju markmiðin fela í sér verulega aukinn samdrátt losunar gróðurhúsalofttegunda, um 55% eða meira, til ársins 2030, miðað við árið 1990. Fyrra markmið var 40% minnkun. Ísland stendur að sameiginlegu markmiði með aðildarríkjum ESB og Noregi í þessum efnum.

Það er því mikið undir hvað varðar þróun losunar gróðurhúsalofttegunda hér á landi. Sé litið á þróunina frá árinu 2016 má sjá að losun hefur almennt farið minnkandi og var sú þróun farin af stað áður en kórónufaraldurinn lét til sín taka. Losunin var mest rúmlega 700 þús. tonn CO<sub>2</sub> ígilda á 3. ársfjórðungi 2018 en var í kringum 400 þús. tonn á fjórðungi á fyrri hluta ársins 2021. Nokkur árstíðasveifla er í losun og er hún jafnan mest á þriðja ársfjórðungi.

### Langmest losun í flutningum


Hér á landi er langmest losun frá flutningum og þar á eftir framleiðslu, sé miðað við tölur frá 2016. Fyrir utan þessar tvær greinar eru það landbúnaður og fiskveiðar og svo heimilin sem losa mest af gróðurhúsalofttegundum hér á landi.

### Losun hefur yfirleitt farið minnkandi

Af þeim greinum sem litið var á hér að ofan hefur losunin minnkað alls staðar frá 2016 fram til fyrri árhelmingis 2021 nema í heimilageiranum þar sem losun hefur aukist um 12%. Mest minnkaði losun í flutningum og geymslu þar sem losunin í ár er einungis um 40% af því sem hún var 2016. Hér ber enn að minna á að losunin er jafnan mest á 3. ársfjórðungi sem skeykir niðurstöðurnar nokkuð gagnvart árinu 2021.


Sé litið á heimilin má sjá að langstærstur hluti losunar heimila er vegna losunar einkabílsins. Þannig var losun koltvísýringsígilda vegna aksturs heimilishífreiða 158 kílótonn á öðrum ársfjórðungi 2021. Það er hæsta gildi sem hefur mælst frá 2016 og um 22% meiri losun en á sama tíma í fyrra.

Losun íslenska hagkerfisins á gróðurhúsalofttegundum




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Stærstu losunargreinar á Íslandi 2016



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Losun helstu greina á fyrri árhelmingi 2021 miðað við 2016



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



### Mjög mismunandi þróun í flutningum


Á fyrri hluta ársins 2016 komu um ¾ hlutar losunar í flutningum frá flugi og tæpur fjórðungur frá flutningum á sjó. Þessi staða hefur breyst mikið á síðustu árum þar sem miklar breytingar hafa orðið í losun koltvísýrings frá flugi, ekki síst vegna fækkunar íslenskra fyrirtækja í flugrekstri og samdráttar vegna yfirstandandi faraldurs. Á fyrri hluta ársins 2021 komu þannig 44% losunar frá flugi og 45% vegna flutninga á sjó. Losun vegna flutninga á sjó hefur minnkað um 44% á þessum tíma og losun frá flugi um 83%.

Losun frá flugi á öðrum ársfjórðungi 2021 var 84% minni en losun á öðrum ársfjórðungi 2018, en þá var losun frá flutningum með flugi mest, tæplega 600 kílótonn.

### Mikilvæg markmið – þarf að halda vel utan um


Heimsfaraldurinn hefur gert alla samanburði í sambandi við þróun losunar gróðurhúsalofttegunda erfiðari en ella. Erfitt er að greina góðan árangur vegna áætlana frá „árangri“ sem kemur tímabundið til vegna þess að hægt hefur verulega á hagkerfinu. Þar má t.d. benda á að hægt hefur verulega á flugi og ferðamennsku og sama má segja um umferð flutningaskipa um heimsins höf. Það er hins vegar ljóst að ekki má slaka á neins staðar í baráttunni við losunina ef markmið Íslands eiga að nást fyrir árið 2040.

### Losun frá flutningum - fyrri árhelmingar 2016 og 2021



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

### Losun frá flutningum



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.